



# Framtíð vinnumarkaðarins

Áherslur ASÍ


45.þing ASÍ

10. til 12. október 2022

**Guðrún Elín Pálsdóttir**, Umhverfis- og neytendanefnd ASÍ



- Ísland ekki undanskilið áhrifum loftslagsbreytinga.
- Geta haft mikil áhrif á stóra atvinnuvegi.
- Áhrif súrnunar sjávar munu sennilega koma fyrir fram hér en annars staðar.
- Ísland með alþjóðlegar skuldbindingar varðandi samdrátt í útlosun gróðurhúsalofttegunda.
- Ekki spurning hvort heldur hvenær – því fyrir sem við bregðumst við því minni verður kostnaðurinn og því meiri líkur eru á að hægt verði að nota breytingarnar til góðs fyrir atvinnulíf, vinnumarkað og samfélag.



# Tækniþróun og sjálfvirknivæðing

- Skipulag vinnunnar hefur breyst og mun breytast vegna tækniþróunar og sjálfvirknivæðingar.
- Sum störf munu hverfa en önnur verða til.
- Hvað verður um það fólk sem missir störf vegna tækniþróunar og sjálfvirknivæðingar?
- Hvert fer ábatinn af tækniframförum?
- Grundvallaratriði að samfélagsþróun og breyttir atvinnuhættir þjóni hagsmunum launafólks og almennings.



# Réttlát umskipti

## **Hámarka**

efnahagslegan,  
samfélagslegan og  
umhverfislegan  
ávinning af loftslags- og  
tæknibreytingum

**OG**

**lágmarka** neikvæð  
áhrif á almenning  
og launafólk

# Um hvað snúast réttlát umskipti?

- *Tækifærum og byrðum* sem felast í samfélagsbreytingunum verði dreift með *réttlátum og sanngjörnum* hætti.
- Tryggja að stefnumótun og aðgerðir (stjórnvalda, atvinnulífs og vinnumarkaðar) vegna loftslags- og tæknibreytinga byggi á réttlæti og jöfnuði og ávinningi af breytingum á samfélagi og efnahag sé skipt með réttlátum hætti.
- Ná markmiðum í loftslagsmálum og byggja samtímis upp sjálfbært, réttlátt hagkerfi, atvinnulíf og vinnumarkað.

# Af hverju réttlát umskipti?

- Loftslags- og tæknibreytingar og aðgerðir þeim tengdum munu hafa hliðaráhrif með sér í för
- Hliðaráhrifin geta verið jákvæð og neikvæð.
- Mismunandi áhrif á mismunandi samfélagshópa.
- Geta ýtt undir ójöfnuð.
- Breytingarnar geta falið í sér tækifæri og skilað ábata fyrir samfélagið og almenning allan, aukið velferð og jöfnuð.
- Veltur á viðbrögðum stjórnvalda, atvinnulífs og vinnumarkaðar hver áhrifin verða.
- Útkoman veltur á því hvaða aðgerðir verður ráðist í og hvernig framkvæmd þeirra verður.

- Aðgerðarleysi, röng forgangsröðun aðgerða eða illa útfærðar aðgerðir geta komið okkur í koll.
- Breytingarnar framundan skapa tækifæri til að endurhugsa og endurskilgreina samfélagsgerðina.
- Ekki bara önnur umhverfisvænni, tæknivæddari útgáfa af sama samfélagi með sömu vandamálin heldur réttlátara, jafnara og betra samfélag.

A woman with curly hair, wearing a blue face mask and a purple top, is holding a black pole that supports a large, light blue sign. The sign has the words "JUST TRANSITION NOW" written in bold, black, hand-drawn capital letters. The background is a blurred crowd of people at what appears to be a protest or public gathering, with buildings and trees visible in the distance.

JUST TRANSITION NOW

# Hvers konar réttlæti?

- **Málsmeðferðarréttlæti:** Þátttaka verkalýðshreyfingar í kerfisbreytingum; samráð við launafólk og almenning -> „Ekkert um okkur án okkar!“
- **Dreifingarréttlæti:** Að deila kostnaði og ávinningi af umskiptum á réttlátan og sanngjarnan hátt - fjárfesting, tekjutilfærslur, aðgerðir, stefnumótun -> hverjir hagnast á breytingunum og hverjir tapa?
- **Viðurkenningarréttlæti:** Að viðurkenna ójöfnuð og óréttlæti núverandi samfélagsmyndar í félagslegu, menningarlegu, efnahagslegu og pólitísku tilliti og að breytingarnar geti ýtt undir frekari ójöfnuð.
- **Endurreisnarréttlæti:** Að bæta úr því tjóni sem fyrri og núverandi ójöfnuður hefur leitt af sér og koma í veg fyrir frekara tjón fyrir framtíðarkynslóðir.



# Gulu vestin

- Hörð mótmæli og óeirðir í Frakklandi árið 2018.
- Brutust út eftir að skattar á bensín voru hækkaðir en almennur efnahagslegur ójöfnuður einnig undirliggjandi.
- Hópurinn sem byrjaði mótmælin var fólk í úthverfum sem þarf að keyra langar vegalengdir í vinnuna.
- Á sama tíma og bensínskattar voru hækkaðir voru stjórnvöld að plana að losa um vinnulöggjöfina, draga úr réttindum launafólks og lækka auðlegðarskatta.
- Hætt við aðgerðirnar og ráðist í réttlátari aðgerðir í kjölfarið.



# Íslenskur sjávarútvegur

- Opinberir styrkir til fyrirtækja í sjávarútvegi til að draga úr mengun - stórar útgerðir sem hafa skilað miklum hagnaði.
  - Fiskiskip eru önnur stærsta uppspretta mengunar á Íslandi.
  - Sjávarútvegur hagnast vegna aukinnar sjálfvirknivæðingar og störfum í sjávarútvegi hefur fækkað.
  - Færri störf í sjávarútvegi, aukinn hagnaður, fjárhagslegur stuðningur frá ríkinu, auðlindagjöld lækkað..
  - Á meðan...: Hækkun kolefnisskatta og annarra gjalda tengdum bifreiðum og bensíni, verið að útfæra veggjöld. Aðgerðir sem koma verst niður á lægri tekjuhópum.
- = Sjávarútvegi hlíft en almenningur látinn borga...

# Raunveruleg dæmi um réttlát umskipti

- Loftslagssjóður fjármagnaður með fyrirtækjaskatti eða hvalrekaskatti notaður til að fjárfesta í nýsköpun og sköpun góðra grænna starfa.
- Kolanámuverksmiðja styður við og fjármagnar endurmenntun, endurráðningu og/eða snemmbúin starfslok starfsmanna vegna breytinga á starfsemi verksmiðjunnar.
- Styrkir til efnaminni heimila til að fjárfesta í umhverfisvænum orkulausnum til húsnæðisupphitunar.
- Verkefnisstjórn um réttlát umskipti fyrir Kanadíska námuverkamenn sett á laggirnar að ræða við hagsmunaaðila og veita stjórnvöldum ráðleggingar um réttlát umskipti.

# Dæmi um réttlát umskipti

- Réttlát skattlagning til að fjármagna nýsköpun og sköpun góðra grænna starfa.
- Atvinnuvegir og fyrirtæki beri ábyrgð og þeim sé ekki hlíft við umhverfissköttum.
- Skattkerfi, fjárfestingu og löggjöf beitt til að skapa græn störf.
- Áhersla á innviðauppbyggingu sem styður við markmið í loftslagsmálum og eykur á sama tíma velferð og bætir lífskjör.
- Aðgerðum forgangsraðað sem hafa jákvæð áhrif á efnahagslegan og félagslegan jöfnuð og sem draga um leið úr losun.
- Fyrirtæki sem hagnast á sjálfvirknivæðingu leggi meira af mörkum til samfélagsins.



# Verkefni verkalyðshreyfingarinnar?

- Réttlát umskipti bjóða upp á mörg tækifæri til að ná félagslegum markmiðum.
- Win - win dæmi ef rétt er haldið á spilunum.
- Réttlát umskipti vinnan gegn núverandi félagslegu og efnahagslegu misrétti.
- Launafólk og almenningur stór hagaðili og verkalyðsfélögin eiga að vera stór þátttakandi í kerfisbreytingunum.

